



## Fundargerð

Fundur í stýrihóp um byggingu slökkvistöðvar í Flatey.

Fundarstaður: Rafrænn fundur haldinn á Teams, 27. janúar kl. 16:30.

Mættir

Ingimar Ingimarsson, Heimir Sigurðsson, Jóhanna Ösp Einarsdóttir og Þorvarður Björgvinsson. Einnig sátu fundinn Kristín Ingimarsdóttir, Svava Sigurðardóttir og Bylgja Baldursdóttir fyrir hönd framfarafélags Flateyjar.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. 1805012 - Slökkvistöð í Flatey.

Slökkviliðsstjóri Reykhólahrepps hefur gefið umsögn um áframhaldandi vinnu við slökkvistöð og leggur því starfshópurinn til að Flateyjarveitum verði úthlutað lóðinni á næsta sveitarstjórnarfundi og í framhaldi af því verði gerður leigusamningur.

Umræður áttu sér stað um mikilvægi þess að líta ekki á byggingu slökkvistöðvar sem endastöð eldvarna í Flatey heldur fyrsta skrefið í heildstæðri vinnu varðandi eldvarnir í eyjunni. Starfshópurinn leggur til að áframhaldandi vinna, um þarfagreiningu á búnaði og næstu skref í eldvörnum, eigi sér stað í starfshópnum, með fulltrúa frá Reykhólahreppi, fulltrúa frá Flateyjarveitum og fulltrúa úr framfarafélagi Flateyjar ásamt slökkviliðsstjóra.

Starfshópurinn mælir með að athugað verði með styrki til að mæta þörf á frekari brunavörnum.

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17:00**

_____	_____
_____	_____
_____	_____